

AUGLÝSING
um Tampere-samning um úttegun fjarskiptatílfanga
til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar.

Hinn 13. maí 2011 var aðalfrankvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Tampere-samnings um úttegun fjarskiptatílfanga til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar sem gerður var í Tampere 18. júní 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 12. júní 2011.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**TAMPERE-SAMNINGUR
um útvegum fjarskiptatilfanga
til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar.**

RÍKIN SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

viðurkenna að umfang, margbrotið eðli, tíðni og áhrif hamfara aukast með ógnvekjandi hraða og hafa sérstaklega alvarlegar afleiðingar í þróunarlöndum,

minna á að mannúðar- og hjálparstofnanir þurfa áreiðanleg, sveigjanleg fjarskiptatilföng til að geta sinnt lífssnúðsynlegum verkefnum sínum,

minna enn fremur á mikilvægt hlutverk fjarskiptatilfanga við að greiða fyrir öryggi starfsmanna mannúðar- og hjálparsamtaka,

minna enn fremur á brýnt hlutverk útvarpssendinga við dreifingu nákvæmra upplýsinga um hamfarir til fólks sem er í hættu,

eru sannfærð um að árangursrík og tímanleg uppsetning fjarskiptabúnaðar og hratt, skilvirkt, nákvæmt og áreiðanlegt upplýsingaflæði séu nauðsynleg til að draga úr manntjóni, mannlegum þjáningum og tjóni á mannvirkjum og umhverfi af völdum hamfara,

hafa áhyggjur af áhrifum hamfara á fjarskiptastöðvar og upplýsingaflæði,

eru sér meðvituð um sérstaka þörf þeirra landa sem skemmst eru á veg eru komin og þar sem hamfarir eru tíðar fyrir tækniástoð svo þróa megi fjarskiptabúnað til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar,

ítreka algjöran forgang sem neyðarfjarskipti til bjargar mannlífum njóta í meira en fimmtú alþjóðlegum gerningum, þar á meðal í stofnskrá Alþjóðafjarskiptasambandsins,

vekja athygli á sögu alþjóðlegrar samvinnu og samræmingar aðgerða við að draga úr afleiðingum hamfara og við neyðaraðstoð, en hún sýnir m.a. fram á að tímanleg uppsetning og notkun fjarskiptabúnaðar hefur sannanlega bjargað mannlífum,

vekja enn fremur athygli á að í Ráðstefnuriti alþjóðlegu ráðstefnunnar um boðskipti í hamförum (Genf, 1990) er fjallað um mikilvægi fjarskiptakerfa þegar bregðast þarf við hamförum og þegar svæði eru að ná sér aftur á strik eftir hamfarir,

vekja enn fremur athygli á að í Tampere-yfirlýsingunni um boðskipti í hamförum (Tampere, 1991) er brýnt ákall um áreiðanleg fjarskiptakerfi til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar á hamfarasvæðum og um alþjóðlegan samning um boðskipti í hamförum til að greiða fyrir notkun slíkra kerfa,

vekja enn fremur athygli á ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 44/236 þar sem árin 1990-2000 eru tilnefnd Alþjóðlegur áratugur til að draga úr hamförum og ályktun nr. 46/182 þar sem kallað er eftir aukinni alþjóðlegri samræmingu mannúðaraðstoðar þegar neyð dynur yfir,

vekja enn fremur athygli á því áberandi hlutverki sem boðskiptabúnaði var gefið í Yokohama-skjalinu um stefnumótun og aðgerðaáætlun um öruggari heim sem samþykkt var á heimsráðstefnunni um leiðir til að draga úr náttúruhamförum (Yokohama, 1994),

vekja enn fremur athygli á ályktun heimsráðstefnunnar um þróun fjarskipta nr. 7 (Buenos Aires, 1994) sem studd er af ályktun fulltrúaráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins nr. 36 (Kyoto, 1994), þar sem stjórnir eru hvattar til að grípa til ráðstafana til að auðvelda skjóta uppsetningu og árangursríka notkun fjarskiptatækja til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar með því að fækka og þar sem því verður við komið afnema reglugerðahindranir og með því að styrkja samvinnu ríkja,

vekja enn fremur athygli á ályktun heimsráðstefnunnar um þráðlaus fjarskipti (Genf, 1997) nr. 644 þar sem ríkisstjórnir eru hvattar til að styðja heilshugar samþykkt samnings þessa og framkvæmd hans heima fyrir,

vekja enn fremur athygli á ályktun heimsráðstefnunnar um þróun fjarskipta (Valletta, 1998) nr. 19 þar sem ríkisstjórnir eru hvattar til að halda áfram að skoða samning þennan og íhuga að veita honum fullan stuðning sinn,

vekja enn fremur athygli á ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 51/194 þar sem hvatt er til þróunar gagnsærra og tímabærra verklagsreglna við að hrinda í framkvæmd skilvirkum ráðstöfunum til að samræma neyðaraðstoð og jafnframt hvatt til þess að gera ReliefWeb að hnattrænu upplýsingakerfi fyrir dreifingu áreiðanlegra og tímabærra upplýsinga um neyðarástand og náttúruhamfarir,

með vísan til niðurstöðu vinnuhóps um neyðarfjarskipti um þá úrslitaþýðingu sem fjarskipti hafa við neyðaraðstoð og við að draga úr afleiðingum hamfara,

með stuðningi af vinnu margra ríkja, stofnana Sameinuðu þjóðanna, samtaka á vegum ríkisins, milliríkjastofnana og frjálsra félagasamtaka, hjálparstofnana, seljenda fjarskiptabúnaðar og -þjónustu, fjölmiðla, háskóla og stofnana sem tengjast fjarskiptum og neyðaraðstoð til að bæta og auðvelda boðskipti á tímum hamfara,

æskja þess að tryggja að áreiðanleg fjarskiptatilföng fyrir neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara séu fljótt tiltæk, og

æskja þess enn fremur að greiða fyrir alþjóðlegri samvinnu til að draga úr áhrifum hamfara,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum skal merking hugtakanna hér að neðan vera eftirfarandi, nema annað megi ráða af samhenginu:

1. „Aðildarríki“ merkir ríki sem hefur fallist á að vera bundið af samningi þessum.
2. „Aðildarríki sem veitir aðstoð“ merkir aðildarríki að samningi þessum sem veitir aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt honum.
3. „Aðildarríki sem leggur fram beiðni“ merkir aðildarríki að samningi þessum sem óskar eftir aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt honum.
4. „Samningur þessi“ merkir Tampere-samninginn um útvegum fjarskiptatilfanga til að draga úr afleiðingum hamfara og til neyðaraðstoðar.
5. „Vörsluaðilinn“ merkir vörsluaðila samnings þessa eins og fram kemur í 16. gr.
6. „Hamfarir“ merkir alvarlega röskun á starfsemi samfélagsins sem lífi manna, heilsu, eignum eða umhverfinu stafar umtalsverð og víðtæk hættu af, hvort sem þær eru af völdum slyss, náttúrunnar eða athafna manna og hvort sem þær verða skyndilega eða eru afleiðing flókinna langtímaferla.
7. „Að draga úr afleiðingum hamfara“ merkir ráðstafanir sem ætlaðar eru til að koma í veg fyrir hamfarir, segja fyrir um þær, búa sig undir þær, bregðast við þeim, fylgjast með þeim og/eða draga úr afleiðingum þeirra.
8. „Heilsufarsvá“ merkir skyndilega uppkomu smitsjúkdóms, svo sem landfarsóttar eða heimsfarsóttar, eða annan atburð sem er umtalsverð ógn við líf eða heilsu manna og gæti leitt til hamfara.
9. „Náttúruvá“ merkir atburð eða ferli, svo sem jarðskjálfta, eldsvoða, flóð, vind, skriðuföll, snjóflóð, hvirfilbyl, flóðbylgju af völdum neðansjávarumbrota, skordýraplágu, þurrka eða eldgos, sem gæti komið hamföllum af stað.
10. „Frjáls félagasamtök“ merkir öll samtök, þar á meðal stofnanir á vegum einstaklinga eða fyrirtækja, önnur en samtök á vegum ríkis eða stjórnvalda eða milliríkjastofnanir, sem hafa þann starfa

að draga úr afleiðingum hamfara og veita neyðaraðstoð og/eða að útvega fjarskiptatilföng til neyðaraðstoðar og til að draga úr afleiðingum hamfara.

11. „Stofnun sem ekki er á vegum ríkis“ merkir allar stofnanir aðrar en ríki, þar með talin frjáls félagasamtök, Rauða krossinn og Rauða hálfmánann, sem hafa þann starfa að draga úr afleiðingum hamfara og veita neyðaraðstoð og/eða að útvega fjarskiptatilföng til neyðaraðstoðar og til að draga úr afleiðingum hamfara.
12. „Neyðaraðstoð“ merkir þá starfsemi sem ætlað er að draga úr manntjóni, mannlegum þjáningum og tjóni á eignum og/eða umhverfinu af völdum hamfara.
13. „Aðstoð í fjarskiptamálum“ merkir að bjóða fram fjarskiptatilföng eða önnur hjálpargögn eða stuðning sem ætlað er að greiða fyrir notkun fjarskiptatilfanga.
14. „Fjarskiptatilföng“ merkir starfslið, tækjabúnað, efni, upplýsingar, þjálfun, tíðniróf, net- eða sendigetú eða önnur tilföng sem nauðsynleg eru fyrir fjarskipti.
15. „Fjarskipti“ merkir sendingu, útsendingu eða móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda, hljóðs eða hvers kyns upplýsinga með þræði, þráðlausu sambandi, ljósleiðara eða með öðrum rafsegul-aðferðum.

2. gr.

Samræming.

1. Samræmingaraðili neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna skal vera samræmingaraðili fyrir samning þennan og skal sinna þeim skyldum sem tilgreindar eru í 3., 4., 6., 7., 8. og 9. gr.
2. Samræmingaraðili aðgerða skal leita eftir samvinnu við aðrar viðeigandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega Alþjóðafjarskiptasambandið, til að fá aðstoð við að ná fram markmiðum samnings þessa og sérstaklega þeim ábyrgðarskyldum sem tilgreindar eru í 8. og 9. gr. og til að veita nauðsynlegan tæknilegan stuðning í samræmi við tilgang þessara stofnana.
3. Ábyrgðarsvið samræmingaraðila aðgerða samkvæmt þessum samningi skal takmarkast við samræmingaraðgerðir á alþjóðavettvangi.

3. gr.

Almenn ákvæði.

1. Aðildarríkin skulu vinna saman innbyrðis og með stofnunum sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnunum, í samræmi við ákvæði samnings þessa, til að greiða fyrir notkun fjarskiptatilfanga við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara.
2. Slík notkun getur varðað en skal þó ekki takmarkast við:
 - a) að koma upp búnaði til fjarskipta um jarðstöðvar og gervihnetti til að spá fyrir um, fylgjast með og veita upplýsingar um náttúruvá, heilsufarsvá og hamfarir;
 - b) að deila upplýsingum um náttúruvá, heilsufarsvá og hamfarir til aðildarríkjanna og annarra ríkja, stofnana sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnana og dreifingu slíkra upplýsinga til almennings, sérstaklega til þeirra byggða sem hætta steðjar að;
 - c) að útvega skjóta aðstoð í fjarskiptamálum til að draga úr afleiðingum hamfara; og
 - d) að setja upp og starfrækja áreiðanlegan, sveigjanlegan fjarskiptabúnað sem neyðar- og hjálparsamtök eiga að nota.
3. Til að greiða fyrir slíkri notkun mega aðildarríkin gera viðbótar fjölþjóða- eða tvíhliða samninga eða ráðstafanir.
4. Aðildarríkin fara fram á það við samræmingaraðila aðgerða, í samráði við Alþjóðafjarskiptasambandið, vörsluaðilann og aðrar viðeigandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna og milliríkjastofnanir og frjáls félagasamtök, að í samræmi við ákvæði samnings þessa geri hann sitt besta til að:
 - a) þróa, í samráði við aðildarríkin, fyrirmyndir að samningum sem nota má sem grundvöll að fjölþjóða- eða tvíhliða samningum til að greiða fyrir útvegum fjarskiptatilfanga fyrir neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara;
 - b) sjá til þess að aðildarríkin, önnur ríki, stofnanir sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnanir hafi aðgang að fyrirmyndum að samningum, bestu starfsvenjum og öðrum viðeigandi upplýsingum að því er varðar útvegum fjarskiptatilfanga fyrir neyðaraðstoð og til að

- draga úr afleiðingum hamfara, bæði rafrænan aðgang og aðgang fyrir tilstilli annars við-eigandi búnaðar;
- c) þróa, starfrækja og viðhalda verklagsreglum um söfnun og dreifingu upplýsinga og viðhalda nauðsynlegum kerfum til að hrinda samningnum í framkvæmd; og
 - d) upplýsa ríkin um skilmála samnings þessa og greiða fyrir og styðja samvinnu þá milli ríkja sem hér er kveðið á um.
5. Aðildarríkin skulu vinna saman að því að bæta getu ríkisstofnana, stofnana sem ekki eru á vegum ríkis og fjálsra félagasamtaka til að setja á laggimar kerfi fyrir þjálfun í meðferð og rekstri tækjabúnaðar og námskeið í þróun, hönnun og smíði neyðarfjarskiptabúnaðar til að koma í veg fyrir hamfarir, fylgjast með og draga úr afleiðingum þeirra.

4. gr.

Útvegum aðstoðar í fjarskiptamálum.

1. Aðildarríki, sem þarfnast aðstoðar í fjarskiptamálum fyrir neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, má fara fram á slíka aðstoð við hvaða annað aðildarríki sem er, annað hvort beint eða fyrir milligöngu samræmingaraðila aðgerða. Ef beiðninni er komið á framfæri fyrir milligöngu samræmingaraðila aðgerða skal samræmingaraðili aðgerða dreifa upplýsingum þessum til allra viðeigandi aðildarríkja þegar í stað. Ef beiðninni er komið á framfæri beint við annað aðildarríki skal aðildarríkið sem leggur fram beiðnina upplýsa samræmingaraðila aðgerða um það svo fljótt sem auðið verður.
2. Aðildarríki sem leggur fram beiðni um aðstoð í fjarskiptamálum skal tilgreina umfang og eðli aðstoðarinnar sem þörf er fyrir og til hvaða aðgerða hafi verið gripið samkvæmt 5. og 9. gr. samnings þessa og þegar það er raunhæft veita aðildarríkinu sem beiðninni er beint til og/eða samræmingaraðila aðgerða allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að aðildarríkið geti ákvarðað að hve miklu leyti það geti orðið við beiðninni.
3. Sérhverft aðildarríki sem hefur fengið beiðni um aðstoð í fjarskiptamálum, annað hvort beint eða fyrir milligöngu samræmingaraðila aðgerða, skal tafarlaust ákvarða og tilkynna aðildarríkinu sem lagði fram beiðnina um hvort það muni veita umbeðna aðstoð, beint eða á annan hátt, og um umfang, skilmála, skilyrði, takmarkanir og kostnað sem gilda um slíka aðstoð, ef um það er að ræða.
4. Sérhverft aðildarríki sem ákvarðar að veita aðstoð í fjarskiptamálum skal upplýsa samræmingaraðila aðgerða um það svo fljótt sem auðið verður.
5. Ekki skal veita neina aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt samningi þessum án samþykkis aðildarríkisins sem óskar eftir henni. Aðildarríkið sem leggur fram beiðnina skal áskilja sér rétt til að hafna aðstoð í fjarskiptamálum sem boðin er fram samkvæmt samningi þessum, að öllu leyti eða að hluta, í samræmi við gildandi lög og stefnu aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.
6. Aðildarríkin viðurkenna rétt aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina til að fara milliliðalaust fram á aðstoð í fjarskiptamálum við stofnanir sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnanir og rétt stofnana sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnana, samkvæmt lögum sem þær starfa eftir, til að veita aðildarríkjunum sem leggja fram beiðnina aðstoð í fjarskiptamálum, samkvæmt grein þessari.
7. Stofnun, sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnun, má ekki vera „aðildarríki sem leggur fram beiðni“ og má ekki fara fram á aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt samningi þessum.
8. Ekkert í samningi þessum má koma í veg fyrir að aðildarríki geti, í samræmi við eigin lög, haft yfirumsjón með, stjórnað, samhæft og haft eftirlit með aðstoð í fjarskiptamálum sem veitt er á yfirráðasvæði þess samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Forrétindi, friðhelgi, aðstaða.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal, að því marki sem lög þess heimila, veita einstaklingum öðrum en eigin ríkisborgurum og stofnunum öðrum en þeim sem hafa höfuðstöðvar eða eiga lögheimili á yfirráðasvæði þess og starfa samkvæmt samningi þessum við að veita aðstoð í fjarskiptamálum og sem hafa verið tilkynnt til og samþykkt af aðildarríkinu sem lagði fram

beiðnina, nauðsynleg forrættindi, friðhelgi og aðstoðu til að sinna starfsemi sinni, sem getur falið í sér en takmarkast þó ekki við:

- a) friðhelgi fyrir handtöku, varðhaldi og opinberri málsmeðferð, þar á meðal friðhelgi gagnvart lögsögu aðildarríkisins sem lagði fram beiðnina á sviði refsí-, einka- og stjórnsýsluréttar að því er varðar athafnir eða athafnaleysi sem tengist sérstaklega og á beinan hátt veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum;
 - b) undanþágu frá sköttum, gjöldum eða öðrum álögum, nema þeim sem venjulega eru byggð inn í verð vöru eða þjónustu, að því er varðar veitingu aðstoðarinnar eða á tækjabúnað, efni og aðrar eignir sem komið er með inn á eða sem keypt eru á yferráðasvæði aðildarríkisins sem lagði fram beiðnina í þeim tilgangi að veita aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt samningi þessum; og
 - c) friðhelgi fyrir haldlagningu, fjárnámi eða eignaupptöku slíks tækjabúnaðar, efnis og eigna.
2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal, að svo miklu leyti sem það getur, útvega staðbundna aðstoðu og þjónustu svo að stjórnar megi aðstoðinni í fjarskiptamálum á eðlilegan og skilvirkan hátt. Þar á meðal skal tryggja að fjarskiptatæki sem komið er með inn á yferráðasvæðið samkvæmt samningi þessum skuli með skjóttum hætti fá leyfi eða vera undanþegin leyfi í samræmi við innlend lög og reglugerðir.
 3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tryggja vernd starfsmanna, tækjabúnaðar og efnis sem komið er með inn á yferráðasvæðið samkvæmt samningi þessum.
 4. Eignarhald á tækjabúnaði og efni, sem útvegað er samkvæmt samningi þessum, skal ekki breytast við notkun samkvæmt skilmálum samnings þessa. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal tryggja að slíkum tækjabúnaði, efni og eignum skuli skilað fljótt til réttis aðildarríkis sem veitir aðstoðina.
 5. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal ekki setja upp eða nota fjarskiptatilföng sem lögð eru fram samkvæmt samningi þessum til annars en þess sem kemur að beinum notum við að spá fyrir um, búa sig undir, bregðast við, fylgjast með, draga úr afleiðingum eða veita neyðaraðstoð á meðan á hamförum stendur og í kjölfar þeirra.
 6. Ekkert í grein þessari gerir þá kröfu til neins aðildarríkis sem leggur fram beiðni að það veiti eigin þegnum eða einstaklingum sem hafa þar fasta búsetu eða samtökum sem hafa höfuðstöðvar eða eiga lögheimili innan yferráðasvæðis þess forrættindi og friðhelgi.
 7. Öllum einstaklingum, sem koma inn á yferráðasvæði aðildarríkisins í þeim tilgangi að veita aðstoð í fjarskiptamálum eða á annan hátt greiða fyrir notkun fjarskiptatilfanga samkvæmt samningi þessum, ber, svo og öllum samtökum, sem veita aðstoð í fjarskiptamálum eða á annan hátt greiða fyrir notkun fjarskiptatilfanga samkvæmt samningi þessum, skylda til að fara að lögum og reglugerðum aðildarríkisins, án þess að það hafi áhrif á forrættindi þeirra og friðhelgi í samræmi við grein þessa. Slíkum einstaklingum og stofnunum ber einnig skylda til að blanda sér ekki í innanríkismál aðildarríkisins sem ræður yfir landsvæðinu sem þau hafa komið inn á.
 8. Ekkert í grein þessari skal hafa áhrif á réttindi og skyldur að því er varðar forrættindi og friðhelgi sem veitt eru einstaklingum og samtökum sem taka beint eða óbeint þátt í aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt öðrum alþjóðlegum samningum (þar á meðal samningnum um forrættindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem Allsherjarþingið samþykkti 13. febrúar 1946 og samningnum um forrættindi og friðhelgi sérstofnana SP sem Allsherjarþingið samþykkti 21. nóvember 1947) eða alþjóðalögum.

6. gr.

Lok aðstoðar.

1. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina eða aðildarríkið sem veitir aðstoðina, má hvenær sem er binda enda á aðstoðina í fjarskiptamálum sem þegin er eða veitt samkvæmt 4. gr. með því að tilkynna það skriflega. Þegar slík tilkynning hefur borist skulu viðkomandi aðildarríki koma sér saman um eðlilegar og skjótar lyktir aðstoðarinnar. Þau skulu hafa í huga að slíkar lyktir geta teft í tvísýnu mannlífum og áframhaldandi neyðaraðstoð.
2. Aðildarríki, sem veita eða þiggja aðstoð í fjarskiptamálum samkvæmt samningi þessum, skulu bundin af skilmálum samnings þessa eftir að slíkri aðstoð hefur verið hætt.

3. Sérhvert aðildarríki, sem óskar eftir að bundinn verði endir á aðstoð í fjarskiptamálum, skal tilkynna samræmingaraðila aðgerða um slíka beiðni. Samræmingaraðili aðgerða skal veita þá aðstoð sem óskað er eftir og nauðsynleg er til að greiða fyrir lokum fjarskiptaaðstoðarinnar.

7. gr.

Greiðsla eða endurgreiðsla á kostnaði eða gjöldum.

1. Aðildarríkin mega setja það sem skilyrði fyrir veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum fyrir neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara að samkomulag náist um greiðslu eða endurgreiðslu skilgreinds kostnaðar eða gjalda, en þau skulu ætíð hafa efni 8. liðar greinar þessarar í huga.
2. Þegar þannig aðstæður eru fyrir hendi og áður en aðstoðin í fjarskiptamálum er veitt, skulu aðildarríkin leggja skriflega fram:
 - a) kröfuna um greiðslu eða endurgreiðslu;
 - b) upphæð slíkrar greiðslu eða endurgreiðslu eða skilmálana sem leggja skal til grundvallar útreikningi hennar; og
 - c) alla gildandi skilmála, skilyrði eða takmarkanir vegna slíkrar greiðslu eða endurgreiðslu, þar með talið en skal þó ekki takmarkast við gjaldmiðilinn sem greiðslan eða endurgreiðslan skal vera innt af hendi í.
3. Kröfurnar í b) og c) liðum 2. mgr. greinar þessarar má uppfylla með vísan til birtrar gjaldskrár, taxta eða verðs.
4. Til að viðræður um greiðslu- og endurgreiðslusamninga tefji ekki óþarflega fyrir veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum skal samræmingaraðili aðgerða þróa, að höfðu samráði við aðildarríkin, líkan að greiðslu- og endurgreiðslusamningi sem getur orðið grundvöllur fyrir samningaviðræður um greiðslu og endurgreiðslu skuldbindinga samkvæmt grein þessari.
5. Ekki skal skylda neitt aðildarríki til að greiða eða endurgreiða kostnað eða gjöld samkvæmt samningi þessum án þess að það hafi áður lýst yfir samþykki sínu á skilmálanum sem aðildarríkið, sem veitir aðstoðina, setur samkvæmt 2. lið greinar þessarar.
6. Þegar veiting aðstoðar í fjarskiptamálum er á tilhlýðilegan hátt skilyrt við greiðslu eða endurgreiðslu kostnaðar eða gjalda samkvæmt grein þessari, skal slík greiðsla eða endurgreiðsla tafarlaust innt af hendi eftir að aðildarríkið, sem veitti aðstoðina, hefur lagt fram kröfu sína um greiðslu eða endurgreiðslu.
7. Fjármuni þá sem aðildarríkið, sem lagði fram beiðnina, hefur greitt eða endurgreitt í tengslum við veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum skal vera hægt að flytja án hindrana út úr lögsögu aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina og skal ekki tefja þá eða halda þeim eftir.
8. Þegar ákvarðað er hvort skilyrða eigi veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum við samkomulag um greiðslu eða endurgreiðslu á skilgreindum kostnaði eða gjöldum, við upphæð slíks kostnaðar eða gjalda og við skilmála, skilyrði og takmarkanir sem tengjast greiðslu eða endurgreiðslu skulu aðildarríkin, meðal annars, taka eftirfarandi með í reikninginn:
 - a) grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð;
 - b) eðli hamfaranna, náttúruvárinna eða heilsufarsvárinna;
 - c) áhrif eða hugsanleg áhrif hamfaranna;
 - d) upptakastað hamfaranna;
 - e) áhrifasvæði eða hugsanlegt áhrifasvæði hamfaranna;
 - f) fyrri hamfarir og líkur á hamförum í framtíðinni á áhrifasvæðinu;
 - g) getu sérhvers ríkis sem verður fyrir áhrifum hamfara, náttúruvár eða heilsufarsvár til að búa sig undir eða bregðast við slíkum atburði; og
 - h) þarfir þróunarlanda.
9. Grein þessi skal einnig gilda við þær aðstæður þegar stofnanir sem ekki eru á vegum ríkis eða milliríkjastofnanir veita aðstoðina í fjarskiptamálum, að því tilskildu að:
 - a) aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, hafi samþykkt og hafi ekki bundið enda á slíka veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum fyrir neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara;
 - b) stofnunin, sem ekki eru á vegum ríkis eða milliríkjastofnunin sem veita slíka aðstoð í fjarskiptamálum, hafi tilkynnt aðildarríkinu sem lagði fram beiðnina um að þær gangist undir grein þessa og 4. og 5. gr.; og

- c) beiting greinar þessarar brjóti ekki í bága við neina aðra samninga að því er varðar samskipti aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina við stofnunina sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar sem veita slíka aðstoð í fjarskiptamálum.

8. gr.

Upplýsingabanki um aðstoð í fjarskiptamálum.

1. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna samræmingaraðila aðgerða um þá stofnun sína:
 - a) sem ber ábyrgð á málefnum sem koma upp samkvæmt skilmálum samnings þessa og hefur leyfi til að óska eftir, bjóða fram, þiggja og binda enda á aðstoð í fjarskiptamálum; og
 - b) sem er til þess bær að tilgreina þau tilföng á vegum stjórnvalda, milliríkjastofnana og/eða frjálsra félagasamtaka sem gætu orðið tiltæk til að greiða fyrir notkun fjarskiptatilfanga við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, þar á meðal veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum.
2. Sérhvert aðildarríki skal leitast við að upplýsa samræmingaraðila aðgerða tafarlaust um allar breytingar á upplýsingum sem veittar eru samkvæmt grein þessari.
3. Samræmingaraðili aðgerða má taka við tilkynningu frá stofnun sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar um málsmeðferðarreglur hennar þegar hún heimilar að bjóða fram eða binda endi á aðstoð í fjarskiptamálum, eins og kveðið er á um í grein þessari.
4. Aðildarríki, stofnun sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar mega að eigin vild láta upplýsingar um tiltekin fjarskiptatilföng fylgja með efninu sem þau leggja inn til samræmingaraðila aðgerða, svo og upplýsingar um áform um notkun tilfanga þessa til að bregðast við beiðni um aðstoð í fjarskiptamálum af hálfu aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.
5. Samræmingaraðili aðgerða skal varðveita afrit af öllum listum yfir stofnanir og skal með skjótum hætti dreifa slíku efni til aðildarríkjanna, annarra ríkja og víðeigandi stofnana sem ekki eru á vegum ríkis og til milliríkjastofnana, nema aðildarríki, stofnun sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar hafi áður tilgreint skriflega að takmarka skuli dreifingu efnis frá þeim.
6. Samræmingaraðili aðgerða skal meðhöndla efni sem stofnanir, sem ekki eru á vegum ríkisins og milliríkjastofnanir, leggja fram á sama hátt og efni sem aðildarríki leggja fram.

9. gr.

Reglugerðarhindranir.

1. Aðildarríkin skulu, þegar þess er kostur og í samræmi við innlend lög, fækka eða afnema reglugerðarhindranir á notkun fjarskiptabúnaðar við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, þar á meðal á veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum.
2. Reglugerðarhindranir kunna að fela í sér en takmarkast þó ekki við:
 - a) reglugerðir sem setja skorður við innflutningi eða útflutningi fjarskiptatækja;
 - b) reglugerðir sem setja skorður við notkun fjarskiptatækja eða útvarpstíðnirófs;
 - c) reglugerðir sem setja skorður við för starfsmanna sem starfrækja fjarskiptatæki eða eru nauðsynlegir fyrir skilvirka notkun þeirra;
 - d) reglugerðir sem setja skorður við flutningi fjarskiptabúnaðar inn á, út úr og í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkis; og
 - e) tafir við framkvæmd slíkra reglugerða.
3. Fækkun reglugerðarhindrana getur falið í sér en takmarkast þó ekki við:
 - a) endurskoðun reglugerða;
 - b) að undanþiggja tilgreindan fjarskiptabúnað framkvæmd reglugerða þessara á meðan búnaðurinn er notaður við neyðaraðstoð eða til að draga úr afleiðingum hamfara;
 - c) að heimila fyrir fram fjarskiptatilföng sem nota á við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, í samræmi við reglugerðir þessar;
 - d) viðurkenningu á erlendri gerðarviðurkenningu á fjarskiptatækjum og/eða rekstrarleyfum;
 - e) skjóta endurskoðun á fjarskiptatilföngum sem nota á við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, í samræmi við reglugerðir þessar; og
 - f) tímabundna undanþágu frá reglugerðum þessum um notkun fjarskiptabúnaðar við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara.

4. Sérhvert aðildarríki skal, að beiðni annars aðildarríkis og að því marki sem lög þess heimila, greiða fyrir flutningi starfsmanna, tækjabúnaðar, efnis og upplýsinga sem tengjast notkun fjarskiptatilfanga við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara inn á, út úr og í gegnum yfirráðasvæði sitt.
5. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna samræmingaraðila aðgerða og öðrum aðildarríkjum, beint eða fyrir milligöngu samræmingaraðila aðgerða, um:
 - a) ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt samningi þessum til að draga úr eða afnema slíkar reglugerðarhindranir;
 - b) málsmeðferðarreglur sem samkvæmt samningi þessum eru tiltækar aðildarríkjum, öðrum ríkjum, stofnunum sem ekki eru á vegum ríkis og/eða milliríkjastofnunum til að undanþiggja tilgreind fjarskiptatilföng, sem notuð eru við neyðaraðstoð og til að draga úr afleiðingum hamfara, frá framkvæmd slíkra reglna, til að heimila fyrir fram notkun eða skjóta skoðun slíkra tilfanga í samræmi við viðeigandi reglugerðir, til að samþykkja erlendar gerðarviðurkenningar á slíkum búnaði eða veita tímabundna undanþágu frá reglugerðum sem annars gilda um slík tilföng; og
 - c) skilmála, skilyrði og takmarkanir, ef einhver eru, sem tengjast notkun slíkra málsmeðferðarreglna.
6. Samræmingaraðili aðgerða skal koma uppfærðum listum um slíkar málsmeðferðarreglur, umfang þeirra, skilmála, skilyrði og takmarkanir, ef einhver eru og tengjast notkun þeirra, á framfæri við aðildarríkin, önnur ríki, stofnanir sem ekki eru á vegum ríkis og milliríkjastofnanir.
7. Ekkert í grein þessari skal heimila brot gegn eða afnám skyldna og skuldbindinga sem landslög, alþjóðalög eða fjölbjóðlegir eða tvíhliða samningar leggja mönnum á herðar, þar með taldar skyldur og skuldbindingar er varða tolla- og útflutningseftirlit.

10. gr.

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Samningur þessi skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna vegna annarra alþjóðasamninga eða alþjóðalaga.

11. gr.

Lausn deilumála.

1. Rísi deilur milli aðildarríkja varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa skulu ríki, sem aðilar eru að deilunni, hafa samráð sín í milli í þeim tilgangi að leysa deiluna. Slíkt samráð skal hefjast tafarlaust þegar eitt aðildarríki hefur tilkynnt öðru aðildarríki um það skriflega að deila sé risin samkvæmt samningi þessum. Aðildarríkið sem gefur út skriflega yfirlýsingu um tilvist deilu skal tafarlaust afhenda vörsluaðilanum afrit af yfirlýsingunni.
2. Sé ekki unnt að leysa deilu milli aðildarríkja innan sex (6) mánaða frá afhendingu skriflegrar yfirlýsingar til aðildarríkis sem á hlut að deilunni geta aðildarríkin sem hlut eiga að deilunni óskað eftir því við annað aðildarríki, annað ríki, stofnun sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnun að hún veiti aðstoð til að greiða fyrir lausn deilunnar.
3. Ef hvorugt aðildarríkið leitar aðstoðar annars aðildarríkis, ríkis, stofnunar sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunar, eða ef aðstoðin greiðir ekki fyrir lausn deilunnar innan sex (6) mánaða frá því að beiðni um slíkt aðstoð er lögð fram, má hvort aðildarríkið um sig sem hlut á að deilunni:
 - a) óska eftir því að deilunni verði vísað til bindandi gerðardóms; eða
 - b) vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, að því tilskildu að bæði aðildarríkin sem hlut eiga að deilunni hafi við undirritun, fullgildingu eða aðild að samningi þessum, eða hvenær sem er þar á eftir, fallist á lögsögu Alþjóðadómstólsins í slíkum deilum.
4. Ef aðildarríki sem eiga aðild að deilunni óska eftir því að deilunni verði vísað til bindandi gerðardóms og ef þau vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, skal vísunin til Alþjóðadómstólsins hafa forgang.
5. Rísi deila milli aðildarríkis sem leggur fram beiðni um aðstoð í fjarskiptamálum og stofnunar sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunar, sem eru með höfuðstöðvar eða eiga lögheimili utan

yfirráðasvæðis aðildarríkisins, um veitingu aðstoðar í fjarskiptamálum samkvæmt 4. gr. má aðildarríkið þar sem stofnunin sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar hafa höfuðstöðvar eða eiga lögheimili taka upp kröfu stofnunarinnar sem ekki eru á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar sem milliríkjakröfu samkvæmt grein þessari, að því tilskildu að slík upptaka brjóti ekki í bága við aðra samninga milli aðildarríkisins og stofnunarinnar sem ekki er á vegum ríkis eða milliríkjastofnunarinnar sem hlut eiga að deilunni.

6. Við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samningi þessum má ríki lýsa því yfir að það telji sig ekki bundið af annarri hvorri málsmeðferðinni um lausn deilumála sem kveðið er á um í 3. mgr. hér að ofan eða þeim báðum. Hin aðildarríkin skulu ekki vera bundin af málsmeðferð um lausn deilumála sem kveðið er á um í 3. mgr. gagnvart aðildarríki sem slík yfirlýsing gildir um.

12. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum eða Alþjóðafjarskiptasambandinu á ríkjaráðstefnunni um neyðarfjarskipti í Tampere hinn 18. júní 1998 og þar á eftir í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 22. júní 1998 til 21. júní 2003.
2. Ríki getur lýst yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningi þessum:
 - a) með undirritun (bindandi undirritun),
 - b) með undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu eða
 - c) með afhendingu skjals um aðild til vörslu.
3. Samningurinn öðlast gildi þrjátíu (30) dögum eftir afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eða bindandi undirritun þrjátíu (30) ríkja.
4. Gagnvart hverju því ríki sem undirritar samninginn með bindandi hætti eða afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir að skilyrðið sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar hefur verið uppfyllt, skal samningur þessi öðlast gildi innan þrjátíu (30) daga frá bindandi undirritun eða samþykki um að vera bundið af honum.

13. gr.

Breytingar.

1. Aðildarríki er heimilt að leggja til breytingar á samningi þessum með því að leggja fram slíkar breytingar hjá vörsluaðila sem skal senda þær öðrum aðildarríkjum til samþykkis.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna vörsluaðila um samþykki eða synjun framkominna breytingartillagna innan eitt hundrað og áttatíu (180) daga frá viðtöku þeirra.
3. Mæla ber fyrir um sérhverja breytingu, sem hlýtur samþykki tveggja þriðju hluta allra aðildarríkja, í bókun sem liggur frammi til undirritunar af hálfu allra aðildarríkja hjá vörsluaðila.
4. Bókunin öðlast gildi með sama hætti og samningur þessi. Gagnvart hverju því ríki sem undirritar bókunina með bindandi hætti eða afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir að skilyrði um gildistöku bókunarinnar hafa verið uppfyllt, skal bókunin öðlast gildi fyrir það ríki þrjátíu (30) dögum eftir bindandi undirritun eða samþykki um að vera bundið af henni.

14. gr.

Fyrirvarar.

1. Aðildarríki er heimilt, þegar það undirritar samning þennan með bindandi hætti eða breytingu við hann eða fullgildir hann eða hana eða gerist aðili að honum eða henni, að gera fyrirvara við samninginn eða slíka breytingu.
2. Aðildarríki getur hvenær sem er dregið fyrri fyrirvara sinn til baka með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Afturköllun fyrirvara öðlast gildi um leið og vörsluaðila er tilkynnt um hana.

15. gr.

Úrsögn.

1. Aðildarríki er heimilt að segja sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Úrsögn tekur gildi níutíu (90) dögum eftir þann dag þegar skrifleg tilkynning er afhent til vörslu.
3. Frá þeim degi að telja að úrsögn tekur gildi og að ósk þess aðildarríkis sem segir sig frá samningnum skal taka úr notkun öll afrit af skráum, sem það ríki hefur lagt fram, um stjórnvaldsstofnanir og ráðstafanir, sem samþykktar hafa verið, og um þær verklagsreglur sem því voru tiltækar til að fækka reglugerðahindrunum.

16. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

17. gr.

Gildir textar.

Afhenda ber vörsluaðila frumrit samnings þessa, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir. Aðeins gildir textar á ensku, frönsku og spænsku verða lagðir fram til undirritunar í Tampere hinn 18. júní 1998. Vörsluaðili skal vinna gilda texta á arabísku, kínversku og rússnesku eins fljótt og við verður komið.

TAMPERE CONVENTION
on the Provision of Telecommunication Resources
for Disaster Mitigation and Relief Operations

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION,

recognizing that the magnitude, complexity, frequency and impact of disasters are increasing at a dramatic rate, with particularly severe consequences in developing countries,

recalling that humanitarian relief and assistance agencies require reliable, flexible telecommunication resources to perform their vital tasks,

further recalling the essential role of telecommunication resources in facilitating the safety of humanitarian relief and assistance personnel,

further recalling the vital role of broadcasting in disseminating accurate disaster information to at-risk populations,

convinced that the effective, timely deployment of telecommunication resources and that rapid, efficient, accurate and truthful information flows are essential to reducing loss of life, human suffering and damage to property and the environment caused by disasters,

concerned about the impact of disasters on communication facilities and information flows,

aware of the special needs of the disaster-prone least developed countries for technical assistance to develop telecommunication resources for disaster mitigation and relief operations,

reaffirming the absolute priority accorded emergency life-saving communications in more than fifty international regulatory instruments, including the Constitution of the International Telecommunication Union,

noting the history of international cooperation and coordination in disaster mitigation and relief, including the demonstrated life-saving role played by the timely deployment and use of telecommunication resources,

